



# HRUNAMANNAHREPPUR

## 49. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

### KJÖRTÍMABILIÐ 2018 – 2022 1. FUNDUR ÁRSINS

### VERÐUR HALDINN FIMMTUDAGINN 13. JANÚAR 2022

### KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU Á FLÚÐUM

Árið 2022, þann 13. janúar kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra Hjörleifsdóttir setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

#### **Erindi til sveitarstjórnar:**

- 1. Breytingar á samþykktum Hrunamannahrepps.**  
Oddviti kynnti útfærslur sem samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið leggur til að gera á samþykktum eftir yfirllestur. Sveitarstjórn samþykkir að vísa málinu til seinni umræðu.
- 2. Jafnlaunavottun: Bsi, viðhaldsúttekt.**  
Oddviti kynnti viðhaldsúttekt Bsi á jafnlaunakerfi Hrunamannahrepps samkvæmt kröfum ÍST 85:2012. Sveitarfélagið stóðst úttektina en bent var á tvö tækifæri til úrbóta. Kynbundinn launamunur mældist 0,5% körlum í hag í stað 2,2% á árinu 2020 og enginn óútskýrður launamunur reyndist vera fyrir hendi.
- 3. Samningar um refa- og minkaveiðar.**  
Oddviti kynnti drög að samningum um refa- og minkaveiði fyrir árin 2022-2023 við veiðimenn sveitarfélagsins. Sveitarstjórn samþykkir samningsdrögin og felur sveitarstjóra að ganga frá samningunum.
- 4. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið: Umsagnarbeiðni um áform um frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu um áform um frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.
- 5. Lögmenn Suðurlandi: Matsgjörð vegna sumarhúsasvæðis í Ásabyggð á Flúðum.**  
Oddviti kynnti matsgjörð frá Lögmönnum Suðurlandi vegna sumarhúsasvæðis í Ásabyggð á Flúðum. Í matsgjörðinni var fjallað um hvert væri líklegt markaðsverð lóðaleigu, söluverð einstakra lóða og söluverð landsins í heild sinni.
- 6. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála: Úrskurður á máli nr. 166/2021, kæra á ákvörðun sveitarstjórnar Hrunamannahrepps frá 11. nóvember 2021 um að fresta afgreiðslu deiliskipulags í landi Reykjabakka.**  
Oddviti kynnti úrskurð úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála á máli nr. 166/2021 en málinu var vísað frá nefndinni.
- 7. Sigurhæðir: Styrkumsókn.**  
Oddviti kynnti beiðni Sigurhæða um rekstrarstyrk við starf þeirra. Sveitarstjórn samþykkir að veita umbeðinn styrk að fjárhæð kr. 173.096 sem bókaður verði á lið 0281.
- 8. Landgræðslan: Drög að nýjum samningi um landgræðslusvæði í Hrunamannafrétti.**  
Oddviti kynnti drög að nýjum samningi um landgræðslusvæði á Hrunamannafrétti milli Landgræðslunnar annars vegar og Hrunamannahrepps og landeigenda Tungufells hins vegar, um friðun og uppgæðslu á landgræðslusvæði í Þjóðlendu og eignarlandi Tungufells. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra og oddvita að funda með fulltrúum umhverfis- og landbúnaðarnefndar og landeigendum í Tungufelli um framhald málsins.

## 9. Landsnet: Viðhald á vegum.

Oddviti kynnti viðræður við Landsnet um viðhald á veginum frá Stóru Laxá að vegi upp Hrunamannafrétt en Landsnet hefur fallist á að taka þátt í því viðhaldi.

### **Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

#### 10. Öldungaráð: Fundargerð 30. fundar frá 18. nóvember s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 30. fundar öldungaráðs frá 18. nóvember s.l. Þar var fjallað um ferð þeirra til Þorlákshafnar sem farin var til að kynnst starfi Öldungaráðs þar ásamt því að kynnst samstarfi Félags eldri borgara og Sveitarfélagsins í Þorlákshöfn. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

#### 11. Öldungaráð: Fundargerð 31. fundar frá 13. desember s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 31. fundar öldungaráðs frá 13. desember s.l. Þar var farið yfir breytingartillögur við samþykktir um Öldungaráð, þá var rætt um framgang mála frá Öldungaráði, réttindi eldri borgara við sveitarfélagið og leiðréttingu sem orðið hefur á afslætti á fasteignagjöldum. Sveitarstjórn samþykkir að fara í endurskoðun á samþykktum Öldungarráðs en að öðru leyti er fundargerðin lögð fram til kynningar.

### **Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps:**

#### 12. Fundargerð 230. fundar skipulagsnefndar frá 20. desember og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 15. desember s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 230. fundar skipulagsnefndar frá 20. desember s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 15. desember s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

##### **Mál nr. 15. Laufskálabyggð úr landi Grafarbakka II, Lóðir 1,2,3,4, deiliskipulagsbreyting.**

Lögð var fram tillaga er varðar breytingu á deiliskipulagi Laufskálabyggðar í landi Grafarbakka II eftir kynningu. Í breytingunni felst stækkun og sameining lóða Laufskálabyggðar 2 og 4 ásamt stækkun Laufskálabyggðar 1. Einnig breytist aðkoma lóða 1, 2 og 3 innan svæðisins auk þess sem breytingar eru gerðar á skipulagsskilmálum viðkomandi lóða. Athugasemdir bárust við kynningu deiliskipulagsbreytingar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Skipulagsnefnd UTU bendir á að núverandi hús sem byggð hafa verið innan svæðisins á lóðum undir 5.000 fm að stærð samræmast ekki skilmálum aðalskipulags er varðar nýtingarhlutfall 0,03 á frístundalóðum. Má ætla að útgáfa byggingarleyfis hafi grundvallast á heimildum er varðar lóðir undir 5.000 fm og nýtingarhlutfall allt að 0,05. Nefndin telur því að heimildir framlagðrar deiliskipulagsbreytingar séu ekki þess eðlis að óeðlilega mikið byggingarmagn verði innan svæðisins við gildistöku hennar. Að mati nefndarinnar þyrfti frekar að auka við heimildir minni lóða innan svæðisins til að núverandi byggð geti talist í samræmi við framlagða deiliskipulagsbreytingu. Leggur nefndin því til að byggingarheimildir núverandi lóða verði skilgreindar með þeim hætti að þær rúmist innan skilmála núverandi aðalskipulags er varðar nýtingarhlutfall á frístundasvæðum. Byggingarskilmálar verði eftir breytingu: "Á hverri lóð má byggja allt að 200 fm sumarhús og tvö allt að 40 fm gestahús og/eða geymslu en þó innan nýtingarhlutfalls 0,03 á lóðum yfir 5.000 fm og 0,045 á lóðum undir 5.000 fm." Nefndin gerir ekki athugasemd við að skilmálar er varðar mænisstefnu verði felldir út í samræmi við athugasemd þess efnis. Að öðru leyti gerir nefndin ekki athugasemdir við skilmála deiliskipulagsins og mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins verði samþykktar með fyrirvara um uppfærð gögn. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar breytingar á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og bendir á að núverandi hús sem byggð hafa verið innan svæðisins á lóðum undir 5.000 fm að stærð samræmast ekki skilmálum aðalskipulags er varðar nýtingarhlutfall 0,03 á frístundalóðum. Má ætla að útgáfa byggingarleyfis hafi grundvallast á heimildum er varðar lóðir undir 5.000 fm og nýtingarhlutfall allt að 0,05. sveitarstjórn telur því að heimildir framlagðrar deiliskipulagsbreytingar séu ekki þess eðlis að óeðlilega mikið byggingarmagn verði innan svæðisins við gildistöku hennar. Að mati sveitarstjórnar þyrfti frekar að auka við heimildir minni lóða innan svæðisins til að núverandi byggð geti talist í samræmi við framlagða

deiliskipulagsbreytingu. Leggur sveitarstjórn því til að byggingarheimildir núverandi lóða verði skilgreindar með þeim hætti að þær rúmist innan skilmála núverandi aðalskipulags er varðar nýtingarhlutfall á frístundasvæðum. Byggingarskilmálar verði eftir breytingu: "Á hverri lóð má byggja allt að 200 fm sumarhús og tvö allt að 40 fm gestahús og/eða geymslu en þó innan nýtingarhlutfalls 0,03 á lóðum yfir 5.000 fm og 0,045 á lóðum undir 5.000 fm." Nefndin gerir ekki athugasemd við að skilmálar er varðar mænistefnu verði felldir út í samræmi við athugasemd þess efnis.

Að öðru leyti gerir sveitarstjórn ekki athugasemdir við skilmála deiliskipulagsins samþykkir viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins með fyrirvara um uppfærð gögn og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar breytingar á deiliskipulagi.

**Mál nr. 16. Hlíð spilda: Landbúnaðarsvæði í skógræktar- og landgræðslusvæði og stækkun frístundasvæðis, aðalskipulagsbreyting.**

Lögð var fram tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Hlíðar spildu 1 í Hrunamannahreppi. Á landinu Hlíð spilda 1 er um 13 ha frístundabyggð F1, það svæði verður stækkað og verður eftir stækkun um 23 ha. Einnig verður afmarkað allt að 65 ha skógræktar- og landgræðslusvæði. Í dag er landið skilgreint sem landbúnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi og telst ekki til úrvals ræktunarlands. Lýsing aðalskipulagsbreytingar var kynnt frá 3. - 26. nóvember. Umsagnir og athugasemdir sem bárust við lýsingu eru lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja tillögu aðalskipulagsbreytingar til kynningar í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir tillögu aðalskipulagsbreytingar til kynningar í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**Mál nr. 17. Dalabyggð: Stækkun frístundasvæðis, deiliskipulagsbreyting.**

Lögð var fram tillaga er varðar breytingu á deiliskipulagi að Dalabyggð í Hrunamannahreppi eftir kynningu. Í breytingunni felst fjölgun lóða innan svæðisins. Umsagnir og athugasemdir bárust á kynningartíma deiliskipulagsbreytingar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Skipulagsnefnd UTU tekur undir framlagðar athugasemdir lóðarhafa lóðar nr. 32 sem taka til niðurfellingar á skilgreindu leiksvæði innan deiliskipulagsins í heild sinni. Þrátt fyrir að umrætt svæði hafi hingað til ekki verið nýtt sem leiksvæði og teljist ekki hentugt sem slíkt af umsækjendum telur nefndin að um forsendubreytingu sé að ræða gagnvart lóðarhafa lóðar 32. Nefndin mælist því til þess að lóð nr. 33 verði felld niður innan deiliskipulagsbreytingar og að þar verði áfram gert ráð fyrir leiksvæði innan skipulagsins. Að öðru leyti telur nefndin ekki ástæðu til að bregðast við framlögðum athugasemdum þar sem ekki er talið að veruleg grenndaráhrif komi til þótt svo að lóðir umfram fyrrgreinda nr.33 byggist upp innan svæðisins. Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að viðkomandi breyting á deiliskipulagi svæðisins verði samþykkt með fyrirvara um uppfærð gögn. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar breytingar á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og tekur undir framlagðar athugasemdir lóðarhafa lóðar nr. 32 sem taka til niðurfellingar á skilgreindu leiksvæði innan deiliskipulagsins í heild sinni. Þrátt fyrir að umrætt svæði hafi hingað til ekki verið nýtt sem leiksvæði og teljist ekki hentugt sem slíkt af umsækjendum telur sveitarstjórn að um forsendubreytingu sé að ræða gagnvart lóðarhafa lóðar 32. Sveitarstjórn mælist því til þess að lóð nr. 33 verði felld niður innan deiliskipulagsbreytingar og að þar verði áfram gert ráð fyrir leiksvæði innan skipulagsins. Að öðru leyti telur sveitarstjórn ekki ástæðu til að bregðast við framlögðum athugasemdum þar sem ekki er talið að veruleg grenndaráhrif komi til þótt svo að lóðir umfram fyrrgreinda nr. 33 byggist upp innan svæðisins.

Sveitarstjórn samþykkir viðkomandi breytingu á deiliskipulagi svæðisins með fyrirvara um uppfærð gögn og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar breytingar á deiliskipulagi.

**Mál 18. Sólheimar: Sólheimar 1 og 2, stofnun lóða.**

Lögð var fram umsókn frá Esther Guðjónsdóttur er varðar stofnun lóða á bæjartorfu Sólheima L166831 í Hrunamannahreppi. Í umsókninni felst stofnun tveggja lóða, Sólheimar 1 og 2, utan um þegar byggð íbúðarhús og safn á grundvelli meðfylgjandi lóðarblaðs.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun lóðanna skv. fyrirbyggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki erindið.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir stofnun lóðanna skv. fyrirbyggjandi umsókn.

**Mál nr. 26. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. desember s.l.**

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. desember s.l.

**13. Fundargerð 231. fundar skipulagsnefndar frá 12. janúar og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 5. janúar s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 231. fundar skipulagsnefndar frá 12. janúar s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 5. janúar s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

**Mál nr. 23. Ásgarður: Kerlingarfjöll, deiliskipulag.**

Lagt var fram deiliskipulag fyrir reit Fannborgar ehf. innan Kerlingarfjalla. Í gildi er deiliskipulag, svæði Fannborgar, Ásgarði Kerlingarfjöllum, sem tók gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda þann 24.03.2014. Unnið er nýtt deiliskipulag á grunni gildandi skipulags af svæðinu. Meginmarkmið nýs deiliskipulags er að sníða ramma utan um ferðapjónustu Fannborgar í Kerlingarfjöllum og tryggja þróun hennar til framtíðar í sátt við einstaka náttúru. Markmiðin eru þau sömu og markmið gildandi deiliskipulags en útfærð nánar fyrir svæði Fannborgar. Í þeim felst að bæta þjónustu við ferðamenn og auðvelda þeim sem sækja svæðið að njóta útivistar og náttúrufars án þess að valda röskun eða tjóni á lífríki svæðisins. Að hugað verði sérstaklega að gönguleiðum innan svæðisins og þær tengdar við leiðir sem liggja fyrir utan skipulagsmörkin. Að bæta gistiaðstöðu og bjóða fjölbreytta gistingu til að koma til móts við ólíkar óskir ferðalanga. Að nýta og gera heilsteiptara það svæði sem þegar hefur verið tekið til ráðstöfunar.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja deiliskipulagstillögu til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagstillögu til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**Mál nr. 24. Laugar 2: Borun, nýting athafnasvæðis, framkvæmkvæmdaleyfi.**

Lögð var fram umsókn frá Varmaorku ehf. er varðar útgáfu framkvæmdaleyfis fyrir leit og borun eftir jarðvarma á jörðinni Laugum, Hrunamannahreppi. Einnig nýting á athafnasvæði, Laugar 2, sem er í dag bifreiðaverkstæði og athafnasvæði en þar er áætlað að nýta núverandi hús og/eða stækka eftir þörfum. Samhliða er óskað eftir upplýsingum um hvaða breytingar þarf að gera á skipulagi svæðisins. Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemdir við útgáfu framkvæmdaleyfis vegna leitarborana og rannsókna á svæðinu og mælist til þess að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli heimilda aðalskipulags gr. 2.2.8 er varðar stakar framkvæmdir í byggð. Komi til virkjunar á heitu vatni innan svæðisins er slíkt háð skilgreiningu iðnaðarsvæðis innan aðalskipulags Hrunamannahrepps. Samhliða verði unnið að gerð deiliskipulags sem skilgreinir með ítarlegri hætti heimilaðar framkvæmdir innan svæðisins til framtíðar.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir framkvæmdaleyfi vegna leitarborana og rannsókna á svæðinu á grundvelli heimilda aðalskipulags gr. 2.2.8 er varðar stakar framkvæmdir í byggð. Komi til virkjunar á heitu vatni innan svæðisins er slíkt háð skilgreiningu iðnaðarsvæðis innan aðalskipulags Hrunamannahrepps. Samhliða verði unnið að gerð deiliskipulags sem skilgreinir með ítarlegri hætti heimilaðar framkvæmdir innan svæðisins til framtíðar.

**Mál nr. 25. Dalbær 1: Stofnun lóðar.**

Lögð var fram umsókn frá Arnfríði Jóhannsdóttur er varðar stofnun lóðar úr Dalbæ 1 L166735. Í umsókninni felst að stofnuð verði 2414,1 fm lóð utan um þegar byggt íbúðarhús (mhl 14).

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki erindið.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir stofnun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn.

**Mál nr. 29. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 5. janúar s.l.**

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 12. janúar s.l.

**14. NOS: Fundargerð stjórnar frá 13. desember s.l.**

Oddviti lagði fram fundargerð stjórnar frá 13. desembers s.l. Þar var farið yfir skjalavistun SVÁ, starfslýsingar SVÁ og starfsmannamál. Farið var yfir verkefni Gæða- og eftirlitsstofnunar og kynning á lesblindugreiningu. Þá var farið yfir drög að skýrslu á úttekt á starfsemi SVÁ. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

**Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

**a. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 215. fundar frá 25. nóvember s.l.**

Lagt fram til kynningar.

**b. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands bs.: Fundargerð aðalfundar frá 29. október s.l.**

Lagt fram til kynningar.

**c. SASS: Fundargerð 576. fundar stjórnar frá 3. desember s.l.**

Lagt fram til kynningar.

**d. SASS: Umsögn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga um fjármálastefnu 2022-2026 og fjárlagafrumvarp ríkisins 2022.**

Lagt fram til kynningar.

**e. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 307. fundar stjórnar frá 1. desember s.l.**

Lagt fram til kynningar.

**f. Byggðasafn Árnesinga: Kaup Byggðasafns Árnesinga á Búðarstíg 2 á Eyrabakka og yfirlit um framkvæmdir.**

Lagt fram til kynningar.

**Kynningarmál:**

**g. Hringtorg gatnagerð: Verkfundargerð 15. fundar.**

Lagt fram til kynningar.

**h. UTU bs.: Aðalskipulagsbreyting: Hlíð spilda 1, landbúnaðarsvæði í skógræktar- og landgræðslusvæði og stækkun frístundasvæðis.**

Lagt fram til kynningar.

**i. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 904. fundar stjórnar frá 10. desember s.l.**

Lagt fram til kynningar.

**j. Landhlutateymi Suðurlands: Lokaskýrsla verkefnastjóra í málefnum fatlaðs fólks. Samþætt þjónusta á hindrana.**

Lagt fram til kynningar

**Fundir framundan:**

**k. Fjarfundur til að bæta upplýsingagjöf til sveitarfélaga um starfsemi SASS og eftir atvikum opinberra aðila, 21. janúar n.k.**

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15:45.